



Fundagerð 220.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 22. mars 2017 kl. 16.15 kom stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs saman til fundar í hafnarhúsinu við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður, Ágúst Torfi Hauksson, Guðný Sverrisdóttir ritari, Ólína Freysteinsdóttir, Kristín Björk Gunnarsdóttir, Baldvin Valdemarsson og Axel Grettisson.

Að auki sat fundinn: Pétur Ólafsson hafnarstjóri.

Fundagerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Fundagerð síðasta fundar.

Lögð fram til staðfestingar fundagerð 219. fundar frá 21. febrúar s.l.
Fundagerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Ársreikningur 2016

Kristín Bjarnadóttir frá Deloitte kom inn á fundinn undir þessum lið og fór yfir helstu kennitölur reikningsins. Rekstartekjur voru 552,9 millj., rekstrargjöld 363,4 þar af afskriftir 56,2 millj., og nettó fjármagnsgjöld 7,9 millj. Hagnaður ársins að teknu tilliti til afskrifta, fjármunatekna og gjalda var 181,5 millj. Ársreikningurinn var undirritaður og samþykkt að vísa honum til aðalfundar.

3. Aðalskipulag Akureyrarbæjar 2018-2030

Hafnarstjóri fór yfir drög að aðalskipulagi Akureyrarbæjar fyrir 2018-2030. Hafnarstjóra falið að senda inn athugasemdir í anda umræðna á fundinum.

4. Deiliskipulag Hríseyjar.

Hafnarstjóri fór yfir drög að deiliskipulagi Hríseyjar. Hafnarstjóra falið að senda inn athugasemdir í anda umræðna á fundinum.

5. Þættir um hafnir.

Hafnasamband Íslands er að kanna meðal hafna hvort vilji sé hjá höfnum að kynna starfsemi hafna í samvinnu við Hringbraut og Athygli. Um yrði að ræða um 26 mínútna þætti um hverja höfn. Kostnaður við verkið fyrir hverja höfn er á bilinu 550-600 þúsund auk virðisauka. Stjórn HN afþakkar að vera með í verkefninu.

6. Laxeldi við Eyjafjörð

Lögð fram til kynningar drög að matsáætlun vegna sjókvíaeldis Arnarlax við utanverðan Eyjafjörð, unnið af Verkís. Hafnarstjóri lagði fram mynd sem sýndi umferð skipa um fjörðinn fyrir árið 2016. Ljóst er að kvíar á þessu svæði hamlu verulega skipa og bátaumferð um fjörðinn. Stjórn HN sendi því eftirfarandi bókun sem athugasemd á Verkís.



„Í ljósi mikillar skipaumferðar um Eyjafjörð vill stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs ítreka að tekið verði fullt tillit til þess að fyrirhugaðar staðsetningar kvíanna eru á fjölfarinni siglingaleið um fjörðinn. Því eru rekstraraðilar hvattir til að finna staðsetningar sem eru fjarri siglingaleiðum “

7. Starfsmannamál.

Hafnarstjóri fór yfir starfsmannamál og þær umsóknir sem bárust í starf hafnarvarðar- skipstjóra. Capacent hefur gefið umsögn sína á umsóknunum. Stjórn HN er sammála varaformanni og hafnarstjóra um ráðningu á hafnarverði-skipstjóra.

8. Nýr hafnarbátur.

Fimmtudaginn 9. mars s.l. var undirritaður í Hofi samningur við skipasmíðastöðina Armon á Spáni um smíði á nýjum og öflugum dráttarbat fyrir Hafnasamlagið. Kaupverð bátsins er 3.691.000 evrur. Báturinn er væntanlegur til Akureyrar í maí 2018.

9. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 17:45

Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður

Ágúst Torfi Hauksson

Guðný Sverrisdóttir ritari

Ólína Freysteinsdóttir

Axel Grettisson

Kristín Björk Gunnarsdóttir

Baldvin Valdemarsson

Pétur Ólafsson hafnarstjóri

